



Stjórnarráð Íslands  
Heilbrigðisráðuneytið

hrn@hrn.is  
545 8700

Síðumúla 24,  
108 Reykjavík

stjornarradid.is

Umboðsmaður Alþingis  
Anna Rut Kristjánsdóttir  
Þórshamri, Templarasundi 5  
101 Reykjavík

Reykjavík 3. júlí 2023

Tilv.: HRN22120146/04.15.00

Efni: Skýrsla umboðsmanns Alþingis vegna heimsóknar á geðdeild Sjúkrahússins á Akureyri.

Ráðuneytið vísar í bréf umboðsmanns Alþingis dags. 20. desember sl. til heilbrigðisráðuneytisins og heimsóknarskýrslu vegna geðdeildar sjúkrahússins á Akureyri (SAK) á grundvelli OPCAT-eftirlits.

Í kafla 6.1. í skýrslu umboðsmanns, sem fjallar um aðbúnað á geðdeildinni, er þeim tilmælum beint til heilbrigðisráðherra að taka til skoðunar og meta hvort það húsnæði sem nú hýsir legudeild geðdeildar SAK fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru til starfseminnar og umfangs hennar með hliðsjón af þeim athugasemdum sem koma fram í 6. kafla og meta hvort og eftir atvikum til hvaða aðgerða þarf að grípa til.

Heilbrigðisráðuneytið tekur undir þær athugasemdir sem fram hafa komið um húsnæði geðdeildarinnar. Líkt og fram kemur í heimsóknarskýrslunni var legudeild geðdeildar SAK formlega opnuð í núverandi húsnæði í mars 1986. Húsnæðið er komið til ára sinna og var það upprunalega ætlað til bráðabirgða.

Fyrir liggur að nauðsynlegt er að fara í endurbætur á legudeildinni til að halda úti óbreyttri starfsemi sem felst í því að bæta aðbúnað sjúklinga og vinnuástandi starfsmanna með tilteknum framkvæmdum á núverandi húsnæði sem hefjast á þessu ári. Áætlaður kostnaður vegna þessara framkvæmda er 30. m.kr. og hefur fjármagn fengist vegna framkvæmdanna. Meðal annars stendur til að stækka vaktaástandi og lyfjaherbergi, setja upp nýja vegg og öryggisgler, breyta kerfisloftum og aðliggjandi rýmum, bæta lýsingu á göngum og í sameiginlegum rýmum, skipta um gólfdukk á sameiginlegum rýmum og vaktherbergi, mála allar sjúkrastofur og skipta út fataskápum. Jafnframt er í skoðun bráðabirgðastækkun geðdeildar með einingahúsum en endanleg ákvörðun þar um liggur ekki fyrir.

Þá hefur verið tekin ákvörðun um að byggja nýtt húsnæði, þ.e. nýja legudeild við Sjúkrahús Akureyrar, og hefur framkvæmdin verið fjármöggnuð í fjármálaætlun 2024-2028. Samkvæmt núverandi áætlun á byggingin að vera tilbúin árið 2028. Húsnæðið er ekki fullhannað en þarfagreining stendur yfir þannig að ekki liggur endanlega fyrir hvaða starfsemi nýtt húsnæði mun hýsa. Gert er ráð fyrir að þarfagreiningin ljúki á næstu mánuðum og búist er við að útboð á fullnaðarhönnun hússins fari fram á haustmánuðum. Stefna ráðuneytisins er sú að starfsemi geðdeildar muni flytja úr núverandi húsnæði þegar legudeildin er tilbúin, hvort sem það verður í nýju legudeildarbyggingunni eða núverandi húsnæði legudeildar.

Heilbrigðisráðuneytið leggur áherslu á, að þessum aðgerðum til að bæta aðbúnaðinn, verði fylgt eftir, til að tryggja að geðheilbrigðisþjónusta verði starfrækt í bataeflandi húsnæði sem standist nútímakröfur sem gerðar eru til heilbrigðisþjónustu. Er framangreint í samræmi við þá áherslu sem fram kemur í stefnu stjórnvalda í geðheilbrigðismálum til ársins 2030.

Að lokum vill ráðuneytið upplýsa umboðsmann Alþingis um stöðu frumvarps um takmörk á beitingu nauðungar. Vegna fram kominna athugasemda, m.a. frá Landspítala, voru gerðar breytingar á frumvarpi því sem kynnt var í samráðsgátt stjórnvalda í janúar 2023. Frumvarpið var því sett að nýju í samráð 19. apríl sl. til og með 3. maí. Eftir að unnið hefur verið úr fram komnum athugasemdum er stefnt á að frumvarpið verði lagt fram á haustþingi 2023. Sjá má nýjustu útgáfu frumvarpsins á vefsíðu samráðsgáttar, mál 83/2023.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra

  
Sigurður Kári Arnason

  
Anna María Káradóttir